



Viðtakandi: Menningar- og íþróttaráð
Sendandi: Menningar- og íþróttasvið (MÍR)

Reykjavík, 10. október 2025
MIR25100004

MINNISBLAÐ

Minnisblað: vegna úthlutunar íþróttastyrkja árið 2025

Á 121. fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs dags. 8. nóvember 2024 var samþykkt að tilnefna þau Kristinn Jón Ólafsson, Sabine Leskopf og Friðjón R. Friðjónsson í styrkjahóp ráðsins vegna íþrótt- og æskulýðsmála. Á meðan hópurinn var að störfum urðu mannabreytingar, Sara Björg Sigurðardóttir tók sæti Sabine Leskopf.

Hópnum var falið að yfirfara fyrirbyggjandi styrkumsóknir vegna íþrótt- og æskulýðsmála sem borist höfðu undir lok árs 2024 vegna árlegra styrkja úr borgarsjóði og gera í framhaldinu tillögu til ráðsins um úthlutun.

Hópurinn hóf vinnu í samræmi við framangreint verkefni og fór yfir fyrirbyggjandi styrkumsóknir. Niðurstaða hópsins var að hafna fyrirbyggjandi styrkumsóknum.

Þess má geta að unnið er að uppfærslu styrkjareglna Reykjavíkurborgar. Styrkjahópurinn leggur áherslu á að menningar- og íþróttasvið móti einnig reglur fyrir sviðið og með sérstaka áherslu á íþrótt- og útilífsmál ásamt nýju matslíkani líkt og gert hefur verið fyrir menningarmálin.

Hefur styrkjahópurinn nú lokið störfum og verður umsækjendum sem sóttu um styrk úr borgarsjóði vegna íþrótt- og æskulýðsmála tilkynnt að umsókn þeirra hafi ekki hlotið brautargengi.



Reykjavík